

## Sjöundi fundur haldinn að Breiðabliki 15. ágúst 2019 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Katrín Gísladóttir og Halldór Jónsson sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Skólastarf í Laugargerðisskóla – Ingveldur skólastjóri mætir og fer yfir skólastarfið. Nemendur verða 17 í grunnskóla og 7 í leikskóladeild á komandi vetri.
2. Laugargerðisskóli – viðhald. Farið yfir málin.
3. Greinargerð frá SSV og varðar samstarf um skipulags og byggingarmál á Snæfellsnesi. Greinargerðin lögð fram.
4. Umsögn um breytingu á rekstrarleyfi Félagsbúsins Miðhrauni. Samþykkt.
5. Breiðablik – Gestastofa og fl. Oddviti fór yfir málin.
6. Beiðni þriggja heimila um þáttöku í kostnaði við hellulagnir. Eggert vék af fundi undir þessum lið. Samþykkt að greiða niðurlagningu á hellum.
7. Aðalskipulag Eyja og Miklaholtshrepp. Staðfesting Skipulagsstofnunar. Aðalskipulagið staðfest.
8. Bréf frá Stéttafélagi Vesturlands frá 15. Júlí 2019 og varðar stöðuna í kjaramálum félagsmanna Stéttarfélags Vesturlands. Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindi Stéttarfélags Vesturlands þar sem samningaumboð sveitarfélagsins er hjá Sambandi Isl. Sveitarfélaga.
9. Svar við umsókn um fjárveitingu til styrkvega 2019 frá Vegagerðinni. Fengin styrkur að upphæð kr. 700.000,- sem rann í Rauðamelsveg.
10. Fundarboð á aukafund sambands íslenskra sveitarféaga 6. September
11. Fundarboð á aðalfund FSS 26.8.2019

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir ( sign )

Halldór Jónsson ( sign )

Gísli Guðmundsson ( sign )

Atli Sveinn Svansson ( sign )

Eggert Kjartansson ( sign )